



Eru bekkjarfulltrúar “skemmtanastjórar” Viltu gefa kost á þér?

Bekkjartenglar eða bekkjarfulltrúar eru yfirleitt kosnir eða skipaðir á námsefniskynningum í grunnskólum og þá yfirleitt á haustin. Einstaka skólar hafa tekið upp þá nýbreytni að kjósa bekkjartengla að vori til þess að bekkjarstarfið geti hafist strax við upphaf skólaársins. Um hlutverk bekkjartengla segir í handbók Heimilis og skóla um foreldrasamvinnu að hlutverk þeirra sé að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Þeir eru kosnir eða tilnefndir í samráði við fráfaraendi bekkjarfulltrúa og yfirleitt kosnir til tveggja ára í senn.

Bekkjartenglar starfa á vegum foreldrafélagsins sem með nýjum grunnskólalögum eru lögbundin. Oft hafa verið samþykktar sérstakar starfsreglur fyrir bekkjarfulltrúana í viðkomandi foreldrafélagi. Í sumum tilfellum er bakland bekkjarfulltrúans svokallað bekkjarráð sem skipað er þremur foreldrum sem taka að sér að halda utan um félagslíf bekkjarins og að virkja aðra foreldra til þátttöku. Í öðrum tilfellum er foreldrahópnum í bekknum skipt í þrjá hópa sem hver um sig sér um bekkjarstarfið eina önn í senn. Að stuðla að auknu samstarfi og efla foreldrasamvinnu er stór þáttur í starfi bekkjartengla en mikilvægt er að sem flestir foreldrar í bekknum taki þátt í þessu starfi og fundinn sé vettvangur fyrir foreldra að hittast.

Oft er það fyrsta hlutverk bekkjartengla að kalla foreldra í bekknum saman til að ræða um hvað þeir leggja til að gert verði um veturinn og á þeim vettvangi er t.d. bekkjarandinn, tengslanet foreldra og upplýsingaflæði milli foreldra og til og frá skóla til umræðu. Boðun á slíka fundi er lykilatíði og gott að fá umsjónarkennara í lið með sér t.d. að setja tilkynningar um fundi á vikuáætlanir eða með tölvupósti. Einnig er gott að kynna bekkjartengla eftir að þeir eru kosnir svo allir foreldrar viti hverjir eru bekkjartenglar í bekk barna sinna. Sum bekkjarráð skipta með sér verkum þannig að þeir búa til þrjú eða fjögur tengslanet eða símakeðjur þannig að boðleiðin fer auk fyrrgreindra aðferða fram í gegnum síma eða maður á mann.

Mikilvægt er að tengsl bekkjartengla við stjórn foreldrafélags séu skilgreind og einnig að þessir aðilar hittist regulega t.d. tvisvar á ári og ræði um skólastarfið. Veistu hver er bekkjartengill í bekk barnsins þíns?

Á heimasíðu HEIMILI OG SKÓLA- landssamtaka foreldra www.heimiliogskoli.is er að finna ýmsar upplýsingar um foreldrasamstarf og um samstarf heimila og skóla. Einnig er veitt ráðgjöf á skrifstofu samtakanna.

Helga Margrét Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri hjá Heimili og skóla – landssamtökum foreldra

